

Fundargerð (54)

Fundur haldinn í húsnæði ríkissáttasemjara, Borgartúni 21 og á teams fimmtudaginn 10. maí 2022, kl. 15.00.

Eftirtaldir sátu fundinn:

Frá Alþýðusambandi Íslands; Ragnar Ólason
Frá Bandalagi háskólamanna; Maríanna H. Helgadóttir (teams)
Frá Bandalagi starfsmanna ríkis og bæja; Sonja Ýr Þorbergsdóttir (teams)
Frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga; Harpa Júlía Sævarsdóttir (teams)
Frá fjármála- og efnahagsráðuneyti; Aldís Magnúsdóttir (teams)
Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga; Inga Rún Ólafsdóttir og Margrét Sigurðardóttir (teams)
Frá Reykjavíkurborg; Kolbeinn Guðmundsson (teams) og Rakel Guðmundsdóttir.
Verkefnisstjórn: Bergþór Haukdal Jónsson (teams), Dagný Aradóttir Pind (teams) og Bára Hildur Jóhannsdóttir verkefnisstjóri.
Fundarstjóri: Helga Jónsdóttir
Fjarverandi voru fulltrúar Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu.

Helga Jónsdóttir skráði fundargerð. Dagskrá og gögn til undirbúnings fundinum lágu fyrir á Teams.

1. **Fundargerð** síðasta fundar 7. apríl 2022 samþykkt.
2. **Framvinduskýrsla.** Bára Hildur fór yfir framvinduskýrslu, dags. 17. maí 2022, sem lá fyrir í gögnum fundarins. Gerði hún grein fyrir helstu viðfangsefnum og samskiptum verkefnastjórnar frá síðasta fundi.
3. **Matshópur – Nýr fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga.** Farið var yfir skýrslu matshóps vegna útborgunar 1. apríl síðastliðinn. Í umræðu var áhersla lögð á að í næstu skýrslu matshóps verði tekið tillit til þeirra ábendinga og sjónarmiða sem komu fram á vinnufundi stýrihóps og matshóps 7. apríl síðastliðinn. Fundarstjóri gerði grein fyrir að Helgi Aðalsteinsson komi nýr inn í matshópinn sem fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Erindisbréfi matshóps breytt til samræmis.
4. **Fræðsluáttak.** Rætt var um fræðsluáttak í ljósi þess að nú er ár liðið frá gildistöku betri vinnutíma í vaktavinnu. Áskoranir eru víða við innleiðingu kerfisbreytingarinnar. Mikilvægt að á hverjum vinnustað sé farið yfir hvað betur má fara og brugðist sé við til þess að markmið og leiðarljós kerfisbreytingarinnar nái fram að ganga. Leggja þarf áherslu á fræðslu fyrir stjórnendur og starfsfólk. Verkefnastjórn verður áfram í samstarfi við samskipta- og kynningarfulltrúa launafólks og launagreiðenda vegna málsins.

5. **Önnur mál.**

Engin.

Fundi slitið kl. 16.01. Næsti reglulegi fundur stýrihóps verður fimmtudaginn 2. júní 2022 kl. 14.30.

Fundargerð er aðgengileg á Teams.